

Sp.

608. Beiðni um skýrslu

[330. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins.

Frá Skúla Alexanderssýni, Steingrími J. Sigfússýni, Svavari Gestssýni,
Guðmundi J. Guðmundssýni, Ragnari Arnalds, Helga Seljan,
Hjörleifi Guttormssýni, Geir Gunnarssýni, Guðrúnu Helgadóttur
og Garðari Sigurðssýni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um aldur og stærð íslenska fiskiskipastólsins, uppbyggingu hans og endurnýjun. Óskað er eftir að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirtalin atriði:

I. Aldur íslenska fiskiskipastólsins, eftir stærð og gerð, einnig sundurliðað eftir kjördæmum. Byggt verði sem næst á eftirfarandi skiptingu:

1. Bátar:

- a. undir 10 lestum,
- b. 10–20 lestir,
- c. 20–70 lestir,
- d. 70–105 lestir,
- e. yfir 105 lestum.

Einnig komi fram hve stór hluti bátaflotans er tréskip.

2. Togarar:

- a. yfir 500 lestum,
- b. undir 500 lestum,
- c. frystitogarar.

3. Loðnuskip.

4. Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað.

II. Breytingar á fiskiskipum (ef um grundvallarbreytingu á rekstri þess er að ræða, svo sem breyting í frystiskip), flutningur á skipum milli útgerðarstaða og úrelding eða niðurfelling af skipaskrá frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986, og þar með hver flutningur á aflamarki var milli útgerðarstaða sem tengdist framannefndum þáttum.

III. Áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar skipastólsins á næstu árum og hvaða hlutdeild íslenskum skipasmíðastöðvum er þar ætluð.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. mars 1986.

Skúli Alexandersson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Svavar Gestsson.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Ragnar Arnalds.

Helgi Seljan.

Hjörleifur Guttormsson.

Geir Gunnarsson.

Guðrún Helgadóttir.

Garðar Sigurðsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.